



Borgarráð

Tillaga um breytingar á reglum Reykjavíkurborgar um sérstakan húsnæðisstuðning

Óskað er eftir að borgarráð samþykki að gerðar verði tvær breytingar á reglum Reykjavíkurborgar um sérstakan húsnæðisstuðning.

- 1) Lagt er til að samþykkt verði hækkun tekjumarka í reglum Reykjavíkurborgar um sérstakan húsnæðisstuðning til samræmis við breytingu á lögum um húsnæðisbætur, nr. 75/2016. Hækkun nemur 2,5% og gildi afturvirkkt frá 1.janúar 2023.

Fjöldi heimilis- manna	Neðri tekjumörk á ári	Efri tekjumörk á ári	Neðri tekjumörk á mánuði	Efri tekjumörk á mánuði
1	5.388.983	6.736.228	449.082	561.352
2	7.127.364	8.909.204	593.947	742.434
3	8.344.232	10.430.289	695.353	869.191
4 eða fleiri	9.039.585	11.299.480	753.299	941.623

Kostnaður vegna hækkunar tekjumarka á árinu 2023 er metinn um 36 m.kr. eða um 3 m.kr. á mánuði. Hækka þá greiðslu til rúmlega 600 leigjenda.

- 2) Lagt er til að hækka hámark samanlagðra húsnæðisbóta og sérstaks húsnæðisstuðnings úr 90.000 kr. í 100.000 kr. og gildi frá 1. júlí 2023.

Kostnaður er metin um 78 m.kr. á ári eða um 13 m.kr. á mánuði. Gert er ráð fyrir að rúmlega 1.200 leigjendur fái hærri greiðslu á mánuði við breytinguna. Kostnaðarmatið er óháð hækkun tekjumarka.

Heildaráætlun ársins 2023 fyrir sérstakan húsnæðisstuðning er 1.492 m.kr. Kostnaður, komi til beggja ofangreindra tillagna, er metin um 114 m.kr á árinu 2023. Gert er ráð fyrir að rúmlega 1.600 leigjendur muni öðlast rétt á hærri greiðslu við hærri tekjumörk og hærri hámark samanlagðra bóta.

Miðað við þær forsendur sem liggja til grundvallar þessu mati er gert ráð fyrir að breytingin rúmist innan fjárheimilda.

Greinargerð:

Hækkun tekjumarka sérstaks húsnæðisstuðnings

Þann 9. júní 2022 var gerð breyting á reglugerð nr. 1200/2016 um húsnæðisbætur. Í breytingunum fólst að frítekjumörk vegna húsnæðisbóta hækkuðu um 3% og giltu þær breytingar frá 1. janúar 2022. Einnig var grunnfjárhæð húsnæðisbóta hækkuð um 10% sem skilaði sér beint til leigjenda vegna ákvæðis 4. gr. reglna Reykjavíkurborgar um sérstakan húsnæðisstuðning. Í ljósi verðlagspróunar á árinu 2022 voru þessar mótvægisáðgerðir framkvæmdar til þess að draga úr áhrifum verðbólgu á lífskjör viðkvæmustu hópa. Tekjumörk reglna Reykjavíkurborgar voru uppfærð í september 2022 og giltu afturvirkir frá 1. júní 2022. Var þá samþykkt að hækka tekjumörk til samræmis um 3%.

Frá áramótum 2022/2023 var samþykkt breyting á reglum Reykjavíkurborgar um sérstakan húsnæðisstuðning á þann veg að fjárhæð tekjumarka samkvæmt 5. gr. reglnanna hækkaði um 7,40% til jafns við hækkun tekjumörk húsnæðisbóta, sbr. reglugerð nr. 1200/2016 um húsnæðisbætur og breytingin gildi frá 1. janúar 2023.

Breytingar á lögum um almannatryggingar og lögum um húsnæðisbætur voru samþykktar á Alþingi 9. júní 2023 sem mótvægisáðgerð gegn verðbólgu. Breyting á lögum um almannatryggingar felur í sér hækkun á bótum almannatrygginga um 2,5% og breyting á lögum um húsnæðisbætur felur í sér 2,5% hækkun frítekjumarka. Samkvæmt þeim breytingum gilda ný frítekjumörk húsnæðisbóta afturvirkir frá 1. janúar 2023 fyrir árið í heild¹.

Lagt er til að samþykkt verði breyting á reglum Reykjavíkurborgar um sérstakan húsnæðisstuðning á þann veg að fjárhæð tekjumarka samkvæmt 5. gr. reglnanna verði jafnframt hækkuð um 2,5% og breytingin taki gildi þann 1. janúar 2023 til samræmis við breytingu á lögum um húsnæðisbætur, nr. 75/2016.

Núgildandi tafla varðandi tekjumörk í 5. gr. er svohljóðandi:

<i>Fjöldi heimilis-manna</i>	<i>Neðri tekjumörk á ári</i>	<i>Efri tekjumörk á ári</i>	<i>Neðri tekjumörk á mánuði</i>	<i>Efri tekjumörk á mánuði</i>
1	5.257.544	6.571.930	438.129	547.661
2	6.953.525	8.691.906	579.460	724.326
3	8.140.713	10.175.891	678.393	847.991
4 eða fleiri	8.819.106	11.023.883	734.926	918.657

Lagt er til að tafla varðandi tekjumörk í 5. gr. verði svohljóðandi:

Fjöldi heimilis-manna	Neðri tekjumörk á ári	Efri tekjumörk á ári	Neðri tekjumörk á mánuði	Efri tekjumörk á mánuði
1	5.388.983	6.736.228	449.082	561.352
2	7.127.364	8.909.204	593.947	742.434
3	8.344.232	10.430.289	695.353	869.191
4 eða fleiri	9.039.585	11.299.480	753.299	941.623

¹ <https://www.althingi.is/altext/stjt/2023.054.html>

Hækkun hámarks samanlagðra húsnæðisbóta og sérstaks húsnæðisstuðnings.

Reglur Reykjavíkurborgar um sérstakan húsnæðisstuðning voru samþykktar á fundi velferðarráðs þann 3. nóvember 2016 og á fundi borgarráðs þann 10. nóvember 2016 og tóku þær gildi þann 1. janúar 2017. Þann 1. júní 2017 tóku gildi breytingar á 4. gr. reglnanna þar sem hlutfall sérstaks húsnæðisstuðnings af húsnæðisbótum var hækkað, hámark samlagðra húsnæðisbóta og sérstaks húsnæðisstuðnings var tilgreint 90.000 kr.

Núgildandi 2. mgr. 4. gr. er svohljóðandi:

4. gr.

Fjárhæð sérstaks húsnæðisstuðnings

.....


Húsnæðisbætur og sérstakur húsnæðisstuðningur geta aldrei numið hærri fjárhæð en samtals 90.000 kr. Framangreindar fjárhæðir koma til endurskoðunar þegar breyting verður á grunnfjárhæðum húsnæðisbóta samkvæmt lögum um húsnæðisbætur nr. 75/2016.

Lagt er til að 2. mgr. 4. gr. verði svohljóðandi:

Húsnæðisbætur og sérstakur húsnæðisstuðningur geta aldrei numið hærri fjárhæð en samtals 100.000 kr. Framangreindar fjárhæðir koma til endurskoðunar þegar breyting verður á grunnfjárhæðum húsnæðisbóta samkvæmt lögum um húsnæðisbætur nr. 75/2016.

Í 2. mgr. 4. gr. reglna Reykjavíkurborgar um sérstakan húsnæðisstuðning kemur fram að fjárhæðir samanlagðra húsnæðisbóta og sérstaks húsnæðisstuðnings komi til endurskoðunar þegar breyting verði á grunnfjárhæðum húsnæðisbóta samkvæmt lögum um húsnæðisbætur nr. 75/2016. Frá því árið 2017 hefur sama hámark verið í gildi fyrir samanlagðar húsnæðisbætur og sérstakar húsnæðisstuðning og framangreind fjárhæð hefur því ekki tekið breytingum þegar grunnfjárhæðir húsnæðisbóta hafa hækkað. Frá því í júní 2022 hefur grunnfjárhæð húsnæðisbóta hækkað um 24% ásamt því að aukin eftirspurn hefur verið á leigumarkaði vegna lítills framboðs af leiguhúsnæði. Aukin eftirspurn á leigumarkaði getur leitt til þess að leigufjárhæðir fari hækkandi og viðkvæmir hópar sem þiggja sérstakan húsnæðisstuðning gætu átt erfitt með að mæta hækkunum á almennum leigumarkaði. Eins og staðan var í apríl 2023 voru 1.720 leigjendur á almennum markaði og 1.910 hjá Félagsbústöðum sem sóttu um sérstakan húsnæðisstuðning.

Virðingarfyllst,



Dís Sigurgeirsdóttir
skrifstofustjóri skrifstofu stjórnarsýslu

Fylgiskjal:

Jafnréttisskimun, dags. 13. júlí 2023.

FMS-EBL-029 Jafnréttisskimun

Tilgangur jafnréttisskimunar:

Með jafnréttisskimun er tekið saman með einföldum hætti mat á áhrifum tillögunnar/verkefnisins á jafnrétti kynjanna og/eða jaðarsetta hópa í samræmi við verklag Reykjavíkurborgar um kynjaða fjárhags- og starfsáætlun. Jafnréttisskimunin styður við ákvarðanatöku stjórnenda og kjörinna fulltrúa og forgangsroðun um ráðstöfun fjármuna. Fáir tillagan áframhaldandi brautargengi, er gert ráð fyrir að hún fari í jafnréttismat hafi hún jafnréttisáhrif.

Upplýsingar um verkefnið/tillöguna:

Dagsetning:	13. júlí 2023
Svið:	Velferðarsvið
Unnið af:	Agnes Sif Andrésdóttir
Verkefni/tillaga:	Hækkun tekjumarka sérstaks húsnæðisstuðnings og hámarks samanlagðs húsnæðisstuðnings og sérstaks húsnæðisstuðnings
Þjónustubáttur:	Bundinn liður
Stofnun/kostn.st.:	F1520-26 og F1530-36
Fjárhæð:	Áætluð hækkun á árinu 2023 er metin um 114 m.kr.
Annað:	Tekið verður tillit til hækkunar í áætlun 2023

Jafnréttisskimun:

Hver er tillagan og hvert er markmið hennar?
Hækkun tekjumarka sérstaks húsnæðisstuðnings ásamt hækkun á hámarki samanlagðra húsnæðisbóta og sérstaks húsnæðisstuðnings.
Hefur verið hugað að aðgerðum við undirbúning tillögunnar til þess að stuðla að jafnrétti? Ef já, lýsið.
Já, tillagan snýr að öllum einstaklingum óháð kyni.
Hverjir eru markhópar tillögunnar? Beðið er um kyngreindar upplýsingar nema ómögulegt sé.
Einstaklinga og fjölskyldur á leigumarkaði sem þurfa sérstakan stuðning vegna greiðslu húsaleigu umfram hefðbundnar húsnæðisbætur. Meðalhlutfall ársins 2023 skiptist á eftirfarandi hátt: Einhleyp kona, 29% Einhleypur karl, 36% Einhleypir eða einstæðir foreldrar, 28% Hjón, 7%
Hvernig hefur tillagan áhrif á stöðu kynjanna og/eða annarra hópa sem mannréttindastefnan tiltekur? Rökstyðjið.
Tillagan hefur áhrif á alla leigjendur sem þurfa fjárhagslega aðstoð í formi sérstaks húsnæðisstuðnings.
Er talin vera þörf á jafnréttismati á tillögunni?¹
Nei